

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/2571

komudagur 20.5.2011

Alþingi  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

16. maí 2011

Tilvísun: 2011050075

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (slit, eftirlit og innleiðing), 783. mál.

### Almennt:

Fjármálaeftirlitið vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum við frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, þingmál nr. 783, og eru athugasemdir við einstakar greinar hér á eftir. Almennt er tekið fram að það horfir til bóta að breyta skipun skilanevndarmanna þannig að þeir verði hér eftir skipaðir af héraðsdómi, eins og slitastjórnarmenn, það einfaldar þann hluta umsýslunnar. Með lögum nr. 44/2009, um breytingu á lögum nr. 161/2002, var gerð sú breyting að ekki yrðu lengur skipaðar nýjar skilanevndir og á þetta eingöngu við um þær skilanevndir sem skipaðar voru fyrir þann tíma og enn eru starfandi. Það mun hins vegar valda nokkrum vandræðum að skilanevndar- og slitastjórnarmenn fjármálafyrirtækja sem misst hafa starfsleyfi, séu settir undir hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002. Undanfarna mánuði hefur Fjármálaeftirlitið lagt mikla vinnu í að móta eftirlit með hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra eftir ákvæðum þeirrar greinar, eins og henni var breytt með lögum nr. 75/2010, en þær breytingar taka ekki að fullu gildi fyrr en 1. júlí n.k.

Að því er varðar kostnað þann sem gera má ráð fyrir að hljótist af samþykkt frumvarpsins, verður ekki hjá því komist að taka það fram að ekki er unnt að framfylgja auknu eftirliti með fjármálafyrirtækjum í slitameðferð og slitastjórnun án þess að til komi frekari fjárframlög. Í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins og í umsögn Fjármálaráðuneytis, virðist gengið út frá því að þær greiðslur sem fjármálafyrirtækjum sem stýrt er af skilanevnd eða slitastjórn beri að greiða skv. 9. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, dugi til að standa undir auknum verkefnum. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 150/2010 sem breytti núgildandi 9. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1999 kemur fram að eftirlitsgjöldum á framangreinda aðila sé ætlað að standa undir kostnaði við eftirlit og rannsóknir allt þar til skiptum á þeim sé lokið. Eftirlitsgjaldið, eins og það er ákvarðað í núgildandi 9. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1999, mun engan veginn standa undir því aukna eftirliti sem Fjármálaeftirlitinu er falið með frumvarpinu, auk þeirrar rannsóknarvinnu sem þegar stendur yfir og talið hefur verið nauðsynlegt að framkvæma. Eigi Fjármálaeftirlitið að sinna því aukna eftirliti sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er fyrirséð að það muni hafa neikvæð áhrif á þær rannsóknir sem eiga sér stað hjá Fjármálaeftirlitinu, verði fjármagn ekki tryggt með öðrum hætti, t.d. með breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með

fjármálastarfsemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

2. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að tiltekna málsgreinar 52. gr. ffl. eigi við um menn sem eiga sæti í slitastjórn. Vakin er athygli á því að í ákvæðinu eru ekki tilgreind ákvæði 5. og 6. mgr. 52. gr. og virðist því sem menn í slitastjórnnum geti ekki setið í stjórn annars eftirlitsskylds aðila þrátt fyrir að skilyrði 5. og 6. mgr. ákvæðisins séu uppfyllt.

1. mgr. 3. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er ráðgert að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækis sem er stýrt af slitastjórn, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hafi starfsleyfi eða ekki og eru viðskiptahættir teknir í dæmaskyni. Þá er í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins tiltekið að með frumvarpinu verði Fjármálaeftirlitinu veittar víðtækar heimildir til að kalla eftir upplýsingum um einstakar ráðstafanir slitastjórna varðandi framkvæmd slita og að hafa almennt eftirlit með framgöngu þeirra við slit fjármálafyrirtækja og því hvort við störf þeirra sé vikið frá eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið taki við ábendingum frá kröfuhöfum um hvaðeina sem þeir telja athugasvert, s.s. framkvæmd slita, kostnað við slitin eða tiltekna ákvarðanir um ráðstöfun eigna.

Mjög óljóst er af ákvæðinu í hverju eftirlit Fjármálaeftirlitsins skuli vera fólgið, þ.e. til hvaða þátta í rekstri fjármálafyrirtækisins eftirlitið nær. Af athugasemdum með frumvarpinu virðist sem eftirlit Fjármálaeftirlitsins eigi að felast í eftirliti með slitameðferðinni sem slíkri en slíkt eftirlit samræmist illa hefðbundnu eftirliti með starfandi fjármálafyrirtækjum. Þá virðist eftirlitið skarast að einhverju leyti við hlutverk héraðsdómara í tengslum við störf skiptastjóra samkvæmt XIII. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Fjármálaeftirlitið telur með vísan til framangreinds að mjög vandasant geti orðið að framfylgja einhverju eftirliti og telur nauðsynlegt að í ákvæðinu verði talið upp með tæmandi hætti í hverju eftirlit Fjármálaeftirlitsins skuli vera fólgið.

Þá er í ákvæðinu tiltekið að eftirlit Fjármálaeftirlitsins skuli einnig ná til dótturfélaga framangreindra fjármálafyrirtækja. Með því er Fjármálaeftirlitinu falið að hafa eftirlit með öllum dótturfélögum fjármálafyrirtækja sem stýrt er af slitastjórn, skilanevnd eða bráðabirgðastjórn hvort sem viðkomandi félag teljist nú til eftirlitsskyldra aðila eða ekki. Fjármálaeftirlitinu er þannig falið að hafa eftirlit með starfsemi hundruða fyrirtækja. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að ákvæðið verði þrengt annað hvort þannig að um heimild til eftirlits Fjármálaeftirlitsins með dótturfélögum verði að ræða, eða að eftirlitið nái einungis til þeirra dótturfélaga sem halda utan um eignir fjármálafyrirtækis. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. gæti þá t.d. orðast svo: "*Dótturfélag fjármálafyrirtækis í slitameðferð, sem heldur utan um eignir þess, heyrir jafnframt undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins*".

2. mgr. 3. gr.

Vakin er athygli á því að mjög matskennt er hvað teljist til eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta og venja. Þá hafa ekki verið settar þær reglur sem vísað er til í frumvarpinu og óvíst hvort þær muni taka til þeirra tilvika sem tilgreind eru í ákvæðinu.

Í 2. másl. 2. mgr. 3. gr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli að eigin frumkvæði eða á grundvelli ábendinga kröfuhafa, hafa eftirlit með viðskiptum fjármálafyrirtækja sem stýrt er af slitastjórn, skilanefnd eða bráðabirgðastjórn. Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki um eftirlit með starfandi fjármálafyrirtækjum. Þá má geta þess að í lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er kveðið á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins og athugun og aðgang eftirlitsins að upplýsingum og gögnum. Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 3. gr. má því teljast óþarft og leggur Fjármálaeftirlitið til að það verði tekið út.

#### 4. mgr. 3. gr.

Samkvæmt ákvæðinu getur Fjármálaeftirlitið beint kröfu til héraðsdóms um að kveðið verði á um að ábyrgð á rekstri fjármálafyrirtækis skuli flutt til slitastjórnar annars fjármálafyrirtækis ef skilyrði ákvæðisins eru uppfyllt. Í 4. mgr. 52. gr. ffl. er kveðið á um að stjórnarmaður fjármálafyrirtækis megi ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila en framangreint ákvæði mun einnig ná til þeirra aðila sem eiga sæti í slitastjórn verði frumvarp þetta samþykkt, sbr. 2. gr. frumvarpins. Samkvæmt framangreindu virðist sem flutningur ábyrgðar á rekstri fjármálafyrirtækisins til annarar slitastjórnar gangi gegn hæfisskilyrðum 4. mgr. 52. gr. ffl. Þá getur flutningurinn valdið hagsmunaaðrekstrum m.a. í þeim tilvikum þegar annað fyrirtækið á kröfu á hitt.

Með vísan til framangreinds leggur Fjármálaeftirlitið til að við þær aðstæður sem kveðið er á um í ákvæðinu verði ný slitastjórn skipuð.

#### 5. gr.


Í ákvæðinu er kveðið á um tilkynningarskyldu slitastjórnar til kröfuhafa en ekki er tiltekið hvenær umrædd tilkynning skuli eiga sér stað. Hins vegar er í athugasemdum kveðið á um að markmiðið með kynningunni sé að upplýsa kröfuhafa um væntanlegar ráðstafanir. Rétt væri að í ákvæðinu væri kveðið á um að slitastjórninni sé skylt að kynna kröfuhöfum fyrirfram um allar umtalsverðar ráðstafanir.


#### 6. gr.

Fjármálaeftirlitið leggur til að kveðið verði skýrar á um lok slitameðferðar þegar henni lýkur með gerð nauðasamnings, t.d þegar fyrirhuguð er áframhaldandi starfsemi, sem ekki er starfsleyfis skyld.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Guðmundur Jónsson

  
Anna M. Karlsdóttir